



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur  
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

## 73. fundur

Fundur haldinn í Almannaþingarnefnd Suðurnesja utan Grindavíkur, þriðjudaginn  
26. febrúar 2025 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 33,  
Reykjanesbæ.

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Guðrún P. Ólafsdóttir, Árni Gísli Árnason,  
Guðlaug R. Guðjónsdóttir, Eyþór Rúnar Þórarinsson, Arnar Steinn Elísson, Úlfar Lúðvíksson og  
Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Friðfinnur Freyr Guðmundsson (Isavia), Eðvarð Atli Bjarnason  
(svæðisstjórn sv2), Gunnar Schram (Lögreglan á Suðurnesjum) og Helena Björg Rúnarsdóttir  
(RKÍ)

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

- Erindisbréf Almannaþingarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur.**  
Drög að erindisbréfi lagt fram. Nefndin ræddi framlögð drög. Formanni og  
framkvæmdastjóra falið að uppfæra erindisbréfið í samræmi við umræður fundarins  
og senda nefndinni.
- Leigusamningur vegna húsnæðis aðgerðarstjórnar á 2. hæð slökkvistöðvarinnar.**  
Um er að ræða formlegan leigusamning vegna aðstöðu fyrir Almannaþingarnefnd  
Suðurnesja utan Grindavíkur, að Flugvöllum 33. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2025  
og er ótímabundinn en báðir aðilar geta sagt honum upp með sex mánaðar fyrirvara.  
Samningurinn er lagður fram og samþykktur samhljóða.
- Staðan á Reykjanesi.**  
Jón Haukur Steingrímsson, jarðverkfræðingur frá Eflu kom á fundinn undir þessum lið  
og fór yfir stöðu mála á Reykjaneskaganum. Eftir síðasta gos seig land ekki eins mikið  
og í gosinu á undan. Núverandi landris byrjar í sömu hallatölu og síðast en ljóst er að  
flæði er að minnka inn í hólfið neðan frá. Einnig fór hann yfir sviðsmyndirnar sem  
blasa við sem og jarðfræðisögu svæðisins. Jafnframt kom fram í máli hans að gera  
mætti ráð fyrir því að aðdragandi að næsta gosi yrði skammur. Komi til gos er helsta  
hættan norðan megin á skaganum falin í gosmengun og nornahárum.  
Varnargarðar í Svaresengi eru komnir í fulla hæð miðað við stöðuna eins og hún er  
núna. Samtal er í gangi við Landsnet um að færa háspennulínu upp á Gíghæð, sé þess  
þörf en vatnslögnin er inn í jarðvegsfyllingu. Veðurstofa Íslands er búin að setja upp  
sérstakan radar á Stapann nærri Vogum sem greinir gosmekki og innihald þeirra í  
nágrenni flugvallarins.

4. **Viðbragð sveitarfélaganna við Rauðri viðvörun.**

Framkvæmdastjóri Almannavarnanefndarinnar óskaði eftir viðbrögðum sveitarfélaganna við rauðri viðvörun fyrr í febrúar. Sveitarfélögin fóru yfir viðbrögð sín þegar slíkar aðstæður koma upp.

Reykjanesbær lokar leikskólum, grunnskólum og þeim stofnunum sem fara með málefni viðkvæmra hópa. Í Suðurnesjabæ loka grunnskólar og leikskólar í rauðri viðvörun. Fulltrúi Suðurnesjabæjar benti á að mikilvægt væri að skoða veðurviðvaranir og bregðast skjótt við verði breytingar á þeim. Sömu verkferlar eru upp í Sveitarfélaginu Vogum.

Rætt var um að gott væri að koma sé saman um sameiginlegt verklagi í aðstæðum sem þessum.

5. **Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri upplýsti nefndina um stöðu mála í tengslum við endurnýjun almannavarnabífreiddar. Gert er ráð fyrir því að bifreiðin verði tilbúin í lok máí.

Fundi slitið kl. 13:25.

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Guðrún Pálína Ólafsdóttir  
Kt. 1503775799  
Dags. 28.2.2025 15:35:33  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Guðlaug Rákel Guðjónsdóttir  
Kt. 1911615729  
Dags. 3.3.2025 08:09:24  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Kjartan Már Kjartansson  
Kt. 1405614879  
Dags. 3.3.2025 09:25:17  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Arnar Steinn Ellsson  
Kt. 1407863579  
Dags. 28.2.2025 11:31:30  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Eyþór Rúnar Þórarinnsson  
Kt. 3008774359  
Dags. 28.2.2025 11:42:32  
Ástæða: Undirritun

Framkvæmdastjóri AVS, Flugvöllum 29, 20 Reykjanesbæ.  
Sími: 421-4799